

1935

V. 31. 10.

# Jónas Hallgrímsson

Guðr og ná  
81 ár íslensk menning

Oft hefir mér komið i hug hvernig íslensk menning mundi vera á svipinn, ef bessum ágæta snillingi hefði enst aldur nokkru lengur og orðið að þeirri ósk sinni, að fá að kenna náttúrusögu og landafraeði í latínuskólanum í Reykjavík. Það þarf ekki að era, að þess mundu sjást nokkur merkl, ef svo senir 20 árgangar af studentum frá skólanum hefðu verið lærisveinrar Jónasar. Tungumál vort mundi þá t. d. varla vera í annari eins hættu (statti)og nú er. Ætla eg að þessu sinni aðeins að minnast að þá hættu, sem stafar af gáleysi og kæruleysi um framburð málsins. Virðist mér sem framburðargallárnir hafi verið heldur að aukast nú síðustu árin, og mætti verða til nokkurs gagns, ef á þetta er bent. Á eg það útvarpinu að

pakka, að mér er bróin hættu þessi miklu ljósari en áður. Fráleitt óskar þess nokkur, að erindi sem hann flytur, fari fyrir ofan garð og neðan hjá þeim sem á hlýða, og þó á þetta sér vafalaust stað um eigi allfá útvarpserindi sem virðast góð og vel samin, en skiljast aðeins ekki nema að nokkru leyti, vegna þess hversu ófullkomlega er talað. Oft má segja, að eingangis litill bluti orðs sé í raun og veru horinn fram, hitt er að eins táknað með einhverju hljóði eða umli, sem ekki nálagt því altaf tekst að ráða í hvað þýða á. Eigi að vera vel talað, verður að gæta þess vandlega, að vanrækja engan staf og ekkert atkvæði orðs, og vera ekki of fljótmæltur. Alveg sérstaklega verður að gæta þess þégar í útvarp er talað, að dræga ekki niður í sér, eins og jafnvel ýmsum hættir til, sem að öðru leyti tala óaðfinnilega. Menn ættu að taka vel eftir því hvernig beir tala sem mál-snjallir eru, og sem betur fer, fáum vér þó einnig að heyra í útvarpinu til manna sem tala syo að fyrirmund er, og læra má af hvernig að verða vel talandi.

23. október

Holgi Pjeturs.